

Jafnrettistorg.is

Jafnréttistorg


Í dag opnar Skóla- og frístundarsvið Jafnréttistorg þar sem hægt er að finna fjölbreytt kennsluefni um jafnrétti. Um er að ræða vef sem er allt í senn kennsluvefur, hugmyndabanki og fréttavefur um jafnréttismál í skóla og frístundastarfi borgarinnar.



Á vefnum getur starfsfólk fundið ýmsar hugmyndir um jafnréttisstarf með börnum og ungmennum, allt frá leikskólaaldri og til unglingsára. Vefurinn er í anda mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um um jafnrétti í víðum skilningi. Jafnréttisflokkarnir sem vefurinn nær til eru fjórir, fjallað er um kyn, hins segin fólk, fötlun og uppruna.

Fjölmargar hugmyndir um kennslu- og umræðuefni eru nú þegar komnar inn á vefinn en fólk er hvatt til að senda inn fleiri hugmyndir því vefurinn mun verða í stöðugri þróun.

Jafnrettistorg.is er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Menntamiðju Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.



Síðan er mjög aðgengileg og er efnið á síðunni flokkað eftir aldri nemenda, hvað skal kennt og hvort um kennsluefni eða starfsþróunarefni er að ræða.

Frekari upplýsingar veitir Fríða Rós Valdimarsdóttir frida.ros.valdimarsdottir@reykjavik.is.

Afrekskonur



Sýningin Afrekskonur stendur nú yfir í Ráðhúsi Reykjavíkur og má þar finna sögu kvennabaráttu á Íslandi sem varpað er fram á fjölbreyttan hátt.

Á sýningunni er gerð grein fyrir framlagi kvenna til íslensks samfélags, persónulegum og pólitískum sigrum, afrekum í hversdagslífi og á opinberum vettvangi. Afrekskonur er samspil margra ólíkra sýninga sem hafa verið settar upp og/eða eru yfirstandandi í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Konubókastofa gefur gestum tækifæri til að glugga í bækur um

konur og eftir konur.

Í krakkahorninu er hægt að velta fyrir sér spurningum varðandi hlutverk kynjanna og leikföngum í því samhengi.

Á meðan á sýningu stendur verður haldið áfram að safna afrekssögum af konum í gegnum netfangið

afrekasyning@reykjavik.is og á www.afrekskonur.is. Sýningin verður opin í september og verða viðburðir allan mánuðinn tengdir afrekskonum. #afrekskonur


na min, Guorun Steinunn
öttir, var fyrsta sérmenntaða g ...



Pálsdóttir skrifar

J. Hagbarð

J. Hagbarð var verslunarkona í
k á fyrri hluta 20. aldar og rak verslun
afni á Laugarvegi 26. Hún seldi ýmsar
vörur og tók hlutfélag af hlutabörðum.



Nemendahópar eru velkomnir á sýninguna og er gott tækifæri til að kynna þeim fyrir afrekum kvenna í gegnum tíðina. Við mælum með að gera verkefni eftir heimsóknina þar sem hver nemandi, og kennari, sendi inn sögu af afrekskonu úr sínu nærumhverfi á afrekasyning@reykjavik.is.

Stelpur filma!



14. til 18. september fór fram í Norræna húsinu námskeiðið *Stelpur filma!* sem var samstarfsverkefni MIXTÚRU og RIFF. Þar komu saman 66 stelpur úr 11 grunnskólum Reykjavíkurborgar til að læra að búa til kvikmynd. Á námskeiðinu þurftu nemendur úr hverjum skóla að fullgera eina eina 5 mínútna stuttmynd.

Kennarar á námskeiðinu voru þau Áslaug Einarsdóttir stofnandi *Stelpur rokka!*, Baltasar Kormákur leikstjóri, Elísabet Ronaldsdóttir klippari, Ísold Uggadóttir leikstjóri og Margrét Örnólfsdóttir handritshöfundur. Erla Stefánsdóttir, frá Mixtúru-Margmiðlunarvergi Skóla- og frístundasviðs, sá um tæknilega kennslu og Fríða Rós Valdimarsdóttir, verkefnastjóri *Stelpur filma!*, sá um jafnréttisfræðslu. Einnig kíkkti Steiney Skúladóttir úr Reykjavíkurdætur og Hraðfréttum í heimsókn til stelpnanna sem sérstakur leynigestur.



Stelpur filma! var haldið í fyrsta skipti í ár í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli kvenna á Íslandi en er hugsað til framtíðar. Námskeiðið er liður í því að rétta af þá kynjaskekkju sem sækir kvikmyndagerð á Íslandi.

Námskeiðið byggir á hugmyndafræði rokkbúðanna *Stelpur rokka!*

Þar sem leitast er við að hafa einungis konur sem leiðbeina og kenna. Með því er verið að skapa sem öruggasta rými sem kostur er á fyrir stelpur til að skapa og tjá sig.



Námskeiðið tókst vonum framar. Stelpurnar sýndu mikinn metnað á námskeiðinu og voru afskaplega áhugasamar. Það verður spennandi að sjá myndirnar. Þær verðu aðgengilegar á netinu og munum við setja þær inn á Jafnréttistorgið svo kennarar geti nýtt sér þær hvort sem er til afþreyingar eða í kennslu.

Frumskýningin verður háleynileg en almenningi gefst kostur á að sjá myndirnar á RIFF helgina 3. og 4. október klukkan 13 í Norræna húsinu. Aðgangur er ókeypis.

